

Ed.

313. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

(Eftir. 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur um Ölfus að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall.

Viðhaldsskylda Rangárvallasýslu á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, að einum þriðja, sbr. 8. gr. vegalaganna stafl. d., skal falla burt frá 1. janúar 1914.

2. gr.

Þá er flutningabraut er fullgerð eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgerður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun. Skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

Áður en afhending fer fram, skal framkvæma skoðunargerð á brautinni eða brautarkaflanum, og tilnefnir stjórnarráðið annan skoðunarmanninn, en sýslunefnd þeirrar sýslu, sem vegurinn liggur í, tilnefnir hinn. Skulu þeir semja nákvæma lýsingu á veginum og senda stjórnarráðinu, og úrskurðar stjórnarráðið síðan, hvort vegurinn eða vegarkaflinn sé fullger, eða skemdir bættar, svo sem hér er fyrir mælt.

3. gr.

Hreppsvegagjald er 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna, skulu samdar í októbermánuði ár hvert, og sendar sýslumanni fyrir árslok. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

4. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærraskrá, skal greiða sýsluvegagjald og hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjöldin af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldanna er 31. desember ár hvert.

5. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði. Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 3. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögsmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykkt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 10. gr., 24. gr., 26. gr., fyrri liður 27. gr., 54. gr. og 55. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, og önnur þau fyrir mæli, er koma í bágá við lög þessi.